

Atvinnuveganefnd Alþingis
Málefнасvið: Orkumál
Þingskjal 495 - 430 mál



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Iceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Svartsengi, 17. maí 2023

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi.

Vísað er til þingskjals 495 – 430. mál á 153. löggjafarþingi 2022-2023 þar sem Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til frumathugunar stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi. HS Orka þakkar fyrir umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefndinni.

HS Orka fagnar því að Alþingi beini sjónum sínum á framleiðslu á rafeldsneyti og telur mikilvægt líkt og Alþingi að leita þurfi fleiri grænna orkugjafa til að styðja við orkuskiptin og komast nær markmiðum um kolefnishlutleysi. HS Orka tekur undir að jákvætt sé að lönd séu sjálfbær í orkuöflun en bendir á að mögulega henti ákveðnar tegundir rafeldsneytis betur til framleiðslu innanlands en að aðrar sé hagkvæmara að framleiða erlendis. Inn- og útflutningur á rafeldsneyti geti því verið í góðri sátt við markmið ríkisstjórnarinnar enda snúast þau um sjálfbærni en ekki sjálfsþurft. Jafnframt er bent á að útflutningur getur fært rafeldsneytisframleiðanda stærðarhagkvæmni sem getur ýtt undir hagkvæm orkuskipti innanlands, sérstaklega í upphafi á meðan innlend eftirspurn eftir rafeldsneyti er að vaxa.

Tillagan nefnir réttilega að til að rafeldsneytisframleiðsla geti orðið samkeppnishæf til framtíðar þurfi hún að vera á hagstæðu verði. HS Orka bendir á að í dag er slíkt ekki mögulegt án ríkisstuðnings í formi fjárfestingastyrkja til rafeldsneytisframleiðanda, niðurgreiðslu á orkuverði, niðurgreiðslum á verði rafeldsneytis til notanda og/eða kolefnisskatt á jarðefnaeldsneyti eða blöndu af þessu öllu. Erlend ríki hafa mörg kosið þessar leiðir og gildir þá einu hvort rafeldsneytisframleiðandinn er í ríkis- eða einkaeigu. Þar með er þó ekki tryggt að rafeldsneytisframleiðslan skili arði og þá áhættu taka fjárfestar.

Í þingsáályktunartillögunni er vísað til Equinor, alþjóðlegs stórfyrirtæki í orkuframleiðslu sem skráð er á hlutabréfamarkað sem mögulegrar fyrirmyndar að ríkisfélagi um rafeldsneyti og bent á árangur við uppbyggingu olíusjóðs Norðmanna. HS Orka telur að hér gæti ákveðins misskilnings. Equinor er frumframleiðandi orku sem seld er á markaðsverði, aðallega til útflutnings. Equinor hefur beinan aðgang að náttúruauðlindum. Olíusjóður Norðmanna byggir upphaflega á tekjum norska ríkisins af olíuðnaði landsins sem í heild byggir á markaðslögmálum og útflutningi. Erfitt er að sjá hvernig slíkt getur verið fyrirmynd ríkisfyrirtækis í rafeldsneytisframleiðslu sem verður háð ríkisstuðningi um langa hríð til að ná arðsemi.

Sé vilji stjórnvalda að styðja við orkuskiptin með framleiðslu á grænum orkugjöfum hérlendis væri að mati HS Orku hagkvæmara að stjórnvöld einblíni á aðgerðir, líkt og taldar eru upp hér að framan, til að gera framleiðslu á grænu orkugjöfum arðbæra án þess að ríkið tæki viðbótaráhættu í formi hlutafjár. Fjárfestar gætu tekið slíkt hlutverk að sér.

Virðingarfyllt,

f.h. HS Orku hf.

Jón Ásgeirsson

Framkvæmdastjóri stefnumótunar og Auðindagarðs.